

**EIN SKEMMTILEGASTA HJÓLREIÐAKEPPNI SUMARSINS ER HALDIN UM HELGINA
TOUR DE HVOLSVÖLLUR Á LAUGARDAG -
BÚIST VIÐ MET ÞÁTTTÖKU Í KEPPNINNI
BESTA HJÓLREIÐAFÓLK LANDSINS ER ALLT
SKRÁÐ TIL LEIKS**

Ein skemmtilegasta hjólreiðakeppni ársins, Tour De Hvölsvöllur, fer fram á laugardaginn. Eins og nafnið gefur til kynna þá er hjólað að Hvölsvelli frá þremur mismunandi upphafspunktum. Sterkasta hjólreiðafólk landsins er flest skráð til leiks. Þar á meðal eru hetjur eins og Hafsteinn Ægir Geirsson, Pétur Þór Ragnarsson, María Ögn Guðmundsdóttir og Helgi Berg Friðþjófsson en þau hjóla Reykjavík - Hvölsvöllur leiðina. Búist er við strangri keppni á þeirri leið.



Algjör sprening hefur orðið í aðsókn í hjólreiðakeppni sumarsins og til marks um það má nefna að fjöldi þáttakenda í Heiðmerkur áskorun hjólreiðafélags Reykjavíkur fór upp um nákvæmlega 100% á milli ára og ein vinsælasta keppni sumarsins, Bláalóns þrautin óx um rúmlega 25% þetta árið. Þess vegna má búast við góðri þáttöku á laugardag.

Lengsti leggurinn er frá Reykjavík en það er 110 kílómetrar og er lagt af stað frá Olís Norðlingaholti kl 8:00. Síðan er startað klukkan 9:30 frá Selfossi og svo frá Hellu klukkan 11:00 fyrir þá sem vilja hjóla léttasta legginn sem er 14 kílómetrar.

Einar Bárðarson útvarpsstjóri Kanans er einn af þeim sem hafa skráð sig til leiks en hann hefur heldur betur fallið fyrir hjóla íþróttinni. Hann keppir nú í hverri keppninni á fætur annarri. Einar segist þó ekki vera að keppa við neinn annan en sjálfan sig. "Það er gott að skrá sig og mæta og keppa, þó svo þetta snúist alls ekki um það að vera fyrstur þá leggur maður meira á sig í þessum keppnum og í pressunni leggur maður meira á sig heldur en þegar maður er einn að hjóla. Það er pressan sem ég er að sækjast í með því að taka þátt. Á næsta ári fer ég kannski að líta meira í kringum mig til að finna verðuga andstæðinga til að keppa við" sagði Einar léttur í bragði. Einar ætlar að hjóla frá heimabæ sínum Selfossi en þar er ræst klukkan 9.30

